

**21. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn  
Fundarsalur Álftavers,  
miðvikudaginn 8. september 2021, kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Þorbergur Kjartansson, Sígurdís Samúelsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

**Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .**

**1. Fráveitumál á Langeyri - 2109003**

Tekin fyrir hönnun og kostnaðaráætlun á fráveitukerfi á Langeyri. Núverandi fráveita fer í bráðabirgðaútrás. Neðri hluti Langeyrrar er ekki tengdur fráveitukerfi.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði í framkvæmdina og hún kynnt lóðarhöfum á svæðinu.*

*Samþykkt*

**2. Hönnun göngustígs að Langeyri - 2109002**

Farið yfir skipulagsmál á göngustígum frá þéttbýli að Langeyri.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að málið verði tekið fyrir á íbúáþingi.*

*Samþykkt*

**3. Girðing í Inndjúpi - Hörgshlíð að Eyri í Ísafirði - 2109005**

Tekið fyrir erindi frá Marinó Hákonarsyni f.h. landeigenda í Reykjarfirði þar sem óskað er eftir að sett verði upp fjárgirðing frá Hörgshlíð að Eyri í Ísafirði.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**4. Stöðuleyfi fyrir vöfluveitingavagn - 2109004**

Tekið fyrir erindi frá Mörtu Margréti þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir vöfluvagni í námunda við Raggagarð.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd tekur vel í erindið. Stöðuleyfi er veitt til eins árs í senn. Óskað er eftir nánari staðsetningu á vagninum.*

*Lagt er til að haft verði samráð við stjórn Raggagarðs um staðsetningu.*

*Samþykkt*

**5. Deiliskipulagsbreyting - iðnaðarsvæði inn af Langeyri - 2109006**

. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar  
09.09.2021

Tekin fyrir tillaga að uppbyggingu iðnaðarsvæðis inn af Langeyri.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði í breytingu á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps þannig að iðnaðarsvæðið inn af Langeyri stækki og nái inn að landamerkjum Hlíðar og Súðavíkur (Þórðarsteinum). Jafnframt verði heimilað deiliskipulagsbreyting sem gerir ráð fyrir stækkun iðnaðarsvæðis af sama svæði.*

*Samþykkt*

Fundi slitið kl. 18:45.

---

Anna Lind Ragnarsdóttir

---

Hulda Gunnarsdóttir

---

Samúel Kristjánsson

---

Þorbergur Kjartansson

---

Sigurdís Samúelsdóttir

---

Bragi Þór Thoroddsen

---

Jóhann Birkir Helgason